



Borgarráð

***Tillaga um að óskað verði eftir umsögnum B-hluta fyrirtækja og byggðasamlaga um
opnun bókhalds***

Lagt er til að Borgarráð óski eftir umsögn stjórnar B-hlutafyrirtækja og byggðasamlaga sem Reykjavíkurborg á aðild að, um möguleikann á og vinnu við opnun á fjárhagsbókhaldi umræddra félaga líkt og Reykjavíkurborg hefur þegar gert.

Greinargerð:

Í meirihlutasáttmála Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022 segir að ljúka þurfi opnun bókhalds á kjörtímabilinu og stuðla að því að upplýsingar um öll útgjöld borgarinnar, dótturfyrirtækja hennar og byggðasamlaga séu eins gagnsæ og opin og kostur er. Skal uppfærsla upplýsinganna gerast eins nálægt rauntíma og hægt er. Með hliðsjón af því er lagt til að borgarráð óski eftir umsögn umræddra félaga um opnun á fjárhagsbókhaldi þeirra, þar sem fram komi hvort og þá hvernig unnið hafi verið að slíkri opnun og ef vinnan hafi verið í gangi hvenær búast megi við að fjárhagsbókhald þeirra verði opnað. Þess er óskað að umsagnirnar berist borgarráði innan tólf vikna.

Dagur B. Eggertsson